

Ár 2002 föstudaginn 8. nóvember er fyrir tekið mál nr. 5/2002 af Bergþóru Sigmundsdóttur dómsformanni Dómstóls HSÍ í skrifstofu HSÍ að Engjavegi 6, Reykjavík og kveðinn upp dómur:

Kæra handknattleiksdeildar Fram, kt. 520684-0189, Safamýri 26, Reykjavík, á ákvörðun Aganefndar Handknattleikssambands Íslands að taka til meðferðar skýrslu dómara vegna leiks ÍR og Fram laugardaginn 26. október 2002 og móttækin á skrifstofu HSÍ 5. nóvember 2002, þingskjal nr. 1.

Dómsformaður ákeður að hún muni fara með mál þetta.

Málsatvik:

Um leið og leik ÍR og Fram lauk, þ.e. hann var flautaður af, gáfu dómara leiksins Hjálmar Vilhjálmssyni, leikmanni hdl. Fram, rautt spjald vegna brots. Aganefnd HSÍ úrskurðaði á fundi sínum þann 31. október 2002, Hjálmar í eins leikja bann.

Kæra handknattleiksdeildar Fram byggir á því að Aganefnd HSÍ hafi ekki átt að dæma Hjálmar Vilhjálmsson í leikbann, þar sem leikskýrsla hafi ekki borist innan tilsetts tíma, þ.e. innan þriggja sólarhringa frá leiklokum leiks ÍR og Fram þann 26. október 2002. Í kærinni er vísað til greinar 9.11 í Reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ og greinar 2.2.11 í Reglugerð um handknattleiksmót. Krafa hdl. Fram er að leikbannið, verði dæmt ólöglegt og verði fellt niður þegar í stað.

Með skeyti til Handknattleikssambands Íslands, dags. 31. október 2002, kærir handknattleiksdeild Fram úrskurð aganefndar í máli Hjálmars Vilhjálmssonar á grundvelli þess að skýrsla til aganefndar hafi ekki borist á tilsettum tíma og fór hdl. Fram fram á að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi, þingskjal nr. 2.

Með bréfi aganefndar til handknattleiksdeildar Fram, dag. 1. nóvember 2002, er hdl. Fram, (þingskjal nr. 3.) tilkynnt að aganefnd hafi fundað föstudaginn 1. nóvember 2002 vegna kæru félagsins. Niðurstaða nefndarinnar sé að ekki sé um sérstakan kærufrest að ræða varðandi umræddan tímafrest heldur leiðbeiningarreglu fyrir dómara í þessari tilteknu grein sem vitnað er í.

Niðurstaða:

Samkvæmt 5. tl. 7. gr. laga um Dómstóla HSÍ (hér eftir dómstl.) skal dómari sem fær mál til meðferðar án tafar senda varnaraðila áskorun um að halda uppi vörnum í málinu, ásamt afriti af kærinni. Samkvæmt 7. tl. sömu gr. skal dómari boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum.

Aðilar máls þessa handknattleiksdeild Fram og aganefnd HSÍ hafa lagt fram þau gögn sem til þurfa til að unnt sé að kveða upp dóm í máli þessu. Málsatvik eru ljós og óumdeild. Ekki er því talin nauðsyn á að senda aganefnd HSÍ kæru handknattleiksdeildar Fram, dags. 5. nóvember 2002.

Samkvæmt gr. 9.2 í Reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ, skal aganefnd fjalla um brot leikmanna og starfsmanna liðs á skýrslu í mótum á vegum HSÍ, áhorfenda og forystumanna félaga. Úrskurður skal lagður á mál á grundvelli atvikalýsingar í skýrslu dómara eða eftirlitsmanns, sbr. gr. 9.11.

Ljóst er að aganefnd bar að fjalla um brot leikmanns handknattleiksdeildar Fram Hjálmars Vilhjálmssonar og fer því ekki út fyrir verksvið sitt með umræddum úrskurði.

Samkvæmt gr. 9.3 í framangreindri reglugerð er heimilt að áfrýja til Dómstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveður á um það að leikmaður eða starfsmaður liðs skuli sæta leikbanni í lengri tíma en 12 mánuði. Að öðru leiti, en þó með undantekningu sem mælt er fyrir um í 5. mgr. gr. 2.1.30., verður úrskurðum aganefndar ekki áfrýjað.

Ákvæði 5. mgr. gr. 2.1.30 er ekki lengur í lögum Handknattleikssamband Íslands og er því ekki hér til umfjöllunar.

Dómurinn telur aganefnd ekki hafa farið út fyrir verksvið sitt með úrskurði sínum þann 31. október 2002 og ákvörðun sinni þann 1. nóvember 2002. Leikmaðurinn fékk eingöngu eins leikja bann og fellur úrskurðurinn því ekki undir ákvæði gr. 9.3. Úrskurður aganefndar í þessu tilviki er því fullnaðarúrskurður og er ekki unnt að áfrýja honum til Dómstóls HSÍ.

D Ó M S R O R Ð:

Kæru handknattleiksdeildar Fram á ákvörðun Aganefndar HSÍ um að taka til meðferðar skýrslu dómara vegna leiks ÍR og Fram laugardaginn 26. október 2002 er vísað frá Dómstóli HSÍ.

Bergþóra Sigmundsdóttir, dómsformaður (sign)

Rétt endurrit staðfestir:

Reykjavík 8. nóvember 2002